

LJÓSIÐ

Ársskýrsla 2021



ÁVARP FORSTÖÐUKONU

ERNA MAGNÚSDÓTTIR FORSTÖÐUKONA LJÓSSINS

Í ársskýrslu Ljóssins er mér efst í huga aukning þjónustuþega sem sækja til okkar endurhæfingu og stuðning. Ljósið er orðið þekkt fyrir gott orðspor og faglega þjónustu. Ljósið leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar hvað varðar gagnsæi og upplýsingagjöf hvort sem um ræðir út í samfélagið eða til stjórnvalda um hvaða þjónustu við ætlum að veita, hver markmiðin eru og leiðirnar að settum markmiðum.



Árið 2021 voru yfir 1.600 manns í þjónustu Ljóssins. Þessir þjónustuþegar komu yfir 29.000 sinnum í endurhæfingu á árinu og þáðu fjölbreytilega þjónustu. Aukningin á milli ára er umtalsverð, bæði í fjölda einstaklinga og ekki síður í fjölda íhlutana, enda kemur hver og einn þjónustuþegi að jafnaði oftar og nýtir sér fjölbreyttari úrræði en áður.

Markmiðið er alltaf skýrt, hvaða þjónustu við ætlum að veita, hver markmiðin eru og leiðirnar að settum markmiðum

Starfsfólkið í Ljósinu

Stjórn og stjórnendur Ljóssins hafa alltaf lagt mikla áherslu á að hafa faglegt starfsfólk sem vinnur af heilindum og ánægju. Starfsfólkið skapar starfsandann og þann kraft og gleði sem býr í þjónustunni og smitar þannig orku og styrk til þjónustuþeganna. Við erum afskaplega lánsöm með stóran hóp starfsmanna, hvort sem um ræðir fasta starfsmenn, verktaka í sérverkefnum eða sjálfboðaliða.

Þróunarvinna

Árið 2021 einkenndist af þróunarvinnu eins og öll undanfarin ár. Þó var gerð breyting þetta árið og starfsfólk fór í þróunarhópa til að halda utan um sértæk verkefni. Stærsta verkefnið er að þróa og staðla ferlið fyrir þjónustuþegana frá innskrift til útskriftar. Er þetta gert með það markmið í huga að starfsfólkið geti gengið að því með vissu hvernig ferlarnir eru í starfseminni, hvert markmiðið með endurhæfingunni er, hvaða matstæki eru notuð og hvernig unnið er að því að þjónusta einstaklinginn sem best. Markmiðið er alltaf að einstaklingarnir séu með úrræði eftir útskrift, hvort sem það er að fara til vinnu, skóla, í sjálfbóðaliðastörf eða að sinna eigin iðju.

Stærsta verkefnið okkar er að þróa og staðla ferlið fyrir þjónustuþega, frá innskrift til útskriftar

Fjarheilbrigðisþjónusta

Við upphaf Covid-19 heimsfaraldursins var fjarheilbrigðisþjónusta eflað til muna og hefur sú þjónusta haldið áfram að eflast. Þetta hefur bætt þjónustuna við alla þá sem ekki treysta sér til að mæta á staðinn og geta þeir tekið þátt í bæði viðtölum og námskeiðum í gegnum stafrænan búnað. Landsbyggðardeild Ljóssins hefur vaxið gífurlega og aðsóknin aldrei verið meiri, en sú þjónusta fer að mestum hluta í gegnum fjarheilbrigðisþjónustu.

Rannsóknar- og þróunarsamstarf við Sidekick Health

Ljósið og heilbrigðistæknifyrirtækið Sidekick Health undirrituðu í ágúst sl. samning um rannsóknir og þróun hugbúnaðar fyrir aukinn stuðning við krabbameinsgreinda. Markmið samstarfsins er að bæta þjónustu Ljóssins enn frekar og aðlagða heilbrigðislausn Sidekick að endurhæfingu krabbameinsgreindra

Framtíð Ljóssins

Enn á ný stöndum við frammi fyrir mikilli aukningu sem hefur áhrif á bæði húsnæðisþörf og þörf fyrir aukningu á starfsfólki. Við erum farin að hugsa til næstu ára og hvernig við getum mætt þessum þörfum.

Að lokum við vil ég þakka öllum þeim sem lögðu Ljósinu lið á árinu 2021 hvort sem það var með vinnuframlagi, styrkjum eða kynningu á starfinu.

STJÓRN LJÓSSINS

Sjálfseignastofnunin Ljósið var stofnuð 20. janúar 2006. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins hefur aðalfundur Ljóssins. Á aðalfundi er stjórn kjörin og skal hún skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Á hverju ári skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára í senn, en varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi til eins árs. Stjórnin fer með öll málefni Ljóssins milli aðalfunda.

Fastráðnir starfsmenn félagsins geta ekki setið í stjórn. Stjórn Ljóssins hefur alla tíð verið ólaunuð og er starfsemin óhagnaðardrifin.

Á aðalfundi Ljóssins 4. maí 2021 voru eftirfarandi kjörin í stjórn Ljóssins.

Aðalstjórn

Formaður: Mjöll Jónsdóttir, sálfræðingur

Gjaldkeri: Jón Eiríksson, lögmaður

Ritari: Ásta Einarsdóttir, lögfræðingur

Meðstjórnandi: Brynjólfur Eyjólfsson, viðskiptafræðingur

Meðstjórnandi: Þórður Kristjánsson

Varastjórn

Haukur Guðmundsson, sjúkraþjálfari

Sara Lind Guðbergsdóttir, lögfræðingur

Alls voru haldnir sex stjórnarfundir á árinu 2021, auk aðalfundar. Vegna samkomutakmarkana var hluti fundanna haldinn í gegnum fjarfundabúnað, sem reyndist vel. Stjórnin skipaði framkvæmdaráð, sem fjallaði um ýmis mál sem komu upp milli stjórnarfunda. Forstöðukona Ljóssins annast daglegan rekstur og framfylgir ákvörðunum aðalfundar og stjórnar félagsins.

UM LJÓSIÐ

Sögu Ljóssins má rekja aftur til ársins 2002 þegar Erna Magnúsdóttir tók þátt í tilraunaverkefni á vegum Landsspítala um endurhæfingu krabbameinsgreindra. Starfsemin hófst svo formlega árið 2005 í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju en er nú í húskynnum Ljóssins við Langholtsveg 43 og 47. Starfsemin hefur vaxið ár frá ári og er húsnæði Ljóssins eins og fallegt heimili þar sem hægt er að koma í þverfaglega endurhæfingu og fjölbreytta þjónustu.

STEFNA LJÓSSINS

Ljósið lauk stefnumótunarvinnu árið 2021 þar sem hlutverk, gildi og framtíðarsýn voru skilgreind, ásamt helstu áherslum í starfinu og lykilverkefnum til ársins 2025.

Hlutverk

Ljósið er endurhæfingarmiðstöð sem er til svo að það sé til staðar einstaklingsmiðuð endurhæfing fyrir krabbameinsgreinda og stuðningur fyrir aðstandendur þeirra.

Framtíðarsýn

Að allir sem greinast með krabbamein fái viðeigandi faglega endurhæfingu sem hefst strax við greiningu. Ljósið er leiðandi og framsækið afl á þessu sviði og í fremstu röð varðandi þekkingu og þjónustu við krabbameinsgreinda.





Gildi

Gildi Ljóssins eru *Gróska*, *Gleði*, *Heilindi* og *Fagmennska*.



Gróska

Við viljum vaxa í starfi, erum sveigjanleg og tilbúin að gera breytingar. Við tökum vel í nýjungar og viljum blómstra í þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er.



Gleði

Gleðin vekur lífskraft og von. Handverk, sköpun og almenn virkni veita gleði og jákvæðni sem við höfum að leiðarljósi í okkar starfi. Gleðin í Ljósinu er smitandi, fólk gleymir sér og finnur aukinn þrótt í gleðinni.



Heilindi

Við erum vingjarnleg í fasi, sýnum samstöðu, traust, trúnað, virðingu og kærleik. Við erum heiðarleg, höfum opin samskipti, ræðum málin og leitum lausna. Við sinnum störfum okkar af alúð og trúmennsku og vinnum öll að sameiginlegu markmiði. Við samgleðjumst hvert öðru.



Fagmennska

Við leggjum mikið upp úr þverfaglegri samvinnu, fylgjumst vel með nýjungum og leitumst við að vera fremst í flokki hvað starfsemina varðar. Við vöndum málfar, vinnubrögð og virðum þagnarheit.

STARFSEMI LJÓSSINS

Í lok árs 2021 störfuðu 29 manns hjá Ljósinu í rúmlega 25 stöðugildum. Þeir fagaðilar sem starfa hjá Ljósinu í föstum stöðugildum eru:

- Iðjupjálfar
- Sjúkrabjálfarar
- Íþróttافرæðingar
- Sálfræðiráðgjafi
- Fjölskyldumeðferðarfræðingur
- Heilsunuddarar
- Snyrtifræðingur
- Jógakennarar
- Matráður
- Móttökufólk
- Handverksfólk

Auk þess koma að starfinu fjölmargir verktakar eins og markþjálfar, næringarráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, sjúkrabjálfari með sérmenntun í sogæðanuddi og fleiri. Þá koma að starfinu bæði fyrirlesarar eins og krabbameinssérfræðingar og fleiri að ógleymdu öllum þeim sjálfboðaliðum sem starfa fyrir Ljósið. Meðal starfsaldur starfsfólks í lok árs 2021 var 4,41 ár og meðalaldur starfsfólks var 45 ár.



Skjólstæðingar Ljóssins eru ánægðir með þjónustuna

Í þjónustukönnun Ljóssins, sem framkvæmd var vorið 2021, kemur fram að ánægja þeirra sem eru í þjónustu hjá Ljósinu er mjög mikil. Könnunin var lögð fyrir alla þá sem voru í þjónustu Ljóssins á þeim tíma. Alls sögðust 95% vera mjög eða frekar ánægð með þjónustuna og jafn hátt hlutfall sagði að þjónusta Ljóssins hefði haft jákvæð áhrif á sín lífsgæði.

Tæplega 68% sögðu að þjónusta Ljóssins hefði haft mikil áhrif til að auka virkni í daglegu lífi á heimili og 53% sögðu þjónustuna hafa haft mikil áhrif á aukna virkni í vinnu eða skóla. Auk þess sögðu 61% svarenda að þjónusta Ljóssins hafi haft mikil áhrif á líðan fjölskyldu sinnar. Skjólstæðingar sögðust mæla með þjónustu Ljóssins og var meðmælavísitala (svokallað NPS gildi) 87,26.



LJÓSIÐ ER GÓÐUR VINNUSTADUR

Ljósið tók þátt í verkefninu Fyrirtæki ársins sem VR stendur fyrir. Könnunin er framkvæmd annað hvert ár og nær til alls starfsfólks óháð stéttarfélagi. Könnunin sem hér er vísað til var framkvæmd árið 2020 en Ljósið tekur einnig þátt í verkefninu á árinu 2022. Starfsfólk er spurt um viðhorf til níu lykilþátta í innra starfsumhverfi vinnustaðarins. Heildareinkunn Ljóssins er 4,61 af 5 mögulegum, sem er talsvert yfir meðalgildinu fyrir önnur félög sem tóku þátt í verkefninu. Helstu styrkleikar samkvæmt mælingunni eru jákvætt viðhorf þjónustuþega, að umræða um félagið er vinsamleg, meðmæli með vinnustaðnum og stolt af því að starfa hjá félaginu. Allir framangreindir þættir fengu 5 af 5 mögulegum í einkunn.

HEILDAREINKUNN LJÓSSINS
Í FYRIRTÆKI ÁRSINS

4,61

STOLT OG MEÐMÆLI
MEÐ VINNUSTAÐNUM

5/5

LJÓSIÐ ER ÞEKKT Í SAMFÉLAGINU

Samkvæmt vörumerkjakönnun Gallup árið 2021 sögðust 84% aðspurðra þekkja Ljósið, sem er svipað hátt hlutfall og undanfarin ár. Hlutfallið er 5 prósentustigum fleiri en árið 2018. Um 48% sögðust þekkja vörumerkið mjög eða frekar vel og hefur þekking á Ljósinu aukist ár frá ári. Þegar spurt var um viðhorf til Ljóssins kom fram að 71% voru mjög eða frekar jákvæðir í garð Ljóssins og 28% hlutlausir. Jákvætt viðhorf til Ljóssins hefur aukist undanfarin ár.

HLUTFALL
ÍSLENDINGA SEM
ÞEKKJA LJÓSIÐ

84%

ERU MJÖG EÐA
FREKAR JÁKVÆÐI Í
GARÐ LJÓSSINS

71%

TÍMALÍNA 2021

Árið 2021 hefur sannarlega verið óvenjulegt í Ljósinu eins og annars staðar. Jákvæðni og gleði hefur verið einkennandi bæði hjá starfsmönnum og þeim sem sótt hafa Ljósíð.

Hér fyrir neðan ætlum við að stikla á stóru yfir augnablikin stór og smá á árinu 2021.

JANÚAR

Árið byrjaði með glæsibrag þegar Landsbyggðardeild Ljóssins hóf formlega göngu sína. Við fengum fulltrúa frá Kiwanis í heimsókn með rausnarlegan styrk. Námskeið hófu göngu sína, bæði í húsi og í fjarþjónustu.



FEBRÚAR

Mikil gróska var í handverki hjá jafningjahópunum, þar sem meðal annars var unnið með Macrame og dagbókargerð. Öskudagur var tekinn hátíðlega, þar sem starfsfólk og þjónustupegar Ljóssins klæddu sig upp. Barnanámskeiðin hófu göngu sína á ný.



MARS

Grímurnar héldu áfram að vera skylda í Ljósinu og höfuð áhersla var lögð á sóttvarnir og öryggi allra í húsi að vanda. Elín Kristín, lét hagnað af fyrstu framleiðslu vegan buffa renna beint í Ljósið sem þakklætisvott fyrir árangursríka endurhæfingu í Ljósinu en hún útskrifaðist fyrir þó nokkru síðan.



APRÍL

Endurhæfingin gekk sinn vanagang í Ljósinu í apríl. Nokkrar skorður voru þó á starfinu vegna Covid-19. Við fundum þó ýmsar lausnir áfram og gátum til að mynda boðið upp á litla handverkshópa. Við buðum upp á skemmtilega nýjung, námskeið í garnlitun ásamt fleiri fróðlegum og nýtilegum námskeiðum.



MAÍ

Við tókum á móti vorinu með margskonar verkefnum, en þar bar hæst upptökur á herferð til að vekja athygli á Ljósavinum. Miðfellshlaupið var haldið í fyrsta sinn, þar sem íbúar í uppsveitum Árnessýslu hlupu í nafni endurhæfingarinnar í Ljósinu. Hún Erna okkar forstöðukona Ljóssins er einmitt fædd og uppalin á Miðfelli, virkilega gaman að heimsækja hennar heimahaga og hlaupa til góðs.



JÚNÍ

Í júní settum við af stað herferð undir yfirskriftinni „Þinn stuðningur er okkar endurhæfing“. Með herferðinni var lögð áhersla á þakklætið sem þjónustugegar Ljóssins finna til þeirra sem styðja Ljósíð, svokallaða Ljósavini. Við fórum einnig í okkar árlegu fjölskyldugöngu á Esjuna í júní. Það var vel mætt sem endranær, hver gekk á sínum hraða upp að sinni persónulegu vörðu.

Í júní tók Ljósíð þátt í Síminn Cyclothon og hafnaði liðið í öðru sæti í keppninni. Verkefnið vatt skemmtilega upp á sig og hannað Hugleikur Dagsson skemmtilegar myndir til að styðja við verkefnið sem hlaut heitið *Annað en þú heldur*.



JÚLÍ



Endurhæfingin í Ljósinu var opin yfir sumartímann eins og áður. Boðið var upp á fræðslu, viðtöl, líkamlega endurhæfingu, handverk og fleira. Dásamlegi hádegismaturinn fór ekki í frí enda maturinn hennar Daivu ómissandi hluti af endurhæfingunni.

ÁGÚST

Við fögnuðum fjölbreytileikanum og skrifuðum undir samning við Sidekick Health en það markaði upphaf rannsóknarsamvinnu og þróun snjallforrits sem stutt getur við endurhæfinguna utan veggja Ljóssins.

Sökum heimsfaraldurs var Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka blásið af en í staðinn hljóp stór hópur af fólki sína eigin leið í nafni Ljóssins.



SEPTEMBER

Lðjur fóru á Evrópuþing iðjubjálfa í Prag en sökum Covid-19 héldu þær þó í blíðuna í Borgarnes í staðinn og tóku þetta, eins og svo margt annað á árinu, í gegnum fjarfundabúnað. Landsbyggðardeild Ljóssins var í forgrunni hjá sjónvarpsstöðinni N4 sem heimsótti þjónustuþega deildarinnar á Höfn. Golfmót fyrir karlmenn í Ljósinu fór fram og var vel sótt.



OKTÓBER



Í byrjun október stóð hópur af öflugum ungum mönnum fyrir kvöldverð til styrktar Ljósinu á veitingastaðnum Sjálandi í Garðabæ. Kvöldið heppnaðist vonum framar og færri komust að en vildu. Fjöldi listamanna lögðu sitt af mörkum. Í mánuðinum fögnuðum við einnig Alþjóðlegum degi iðjubjálfunar.

NÓVEMBER

Ljósablaðið árlega leit dagsins ljós í nóvember en þar var að finna mikinn fjölda af viðtölum í stafrænu formi. Í lok mánaðar var aðventukvöld Ljóssins haldið hátíðlegt. Flottur hópur starfsfólks Össurar kom og jólaskeytti Ljósið að utan sem innan.



DESEMBER

Aðventan var ljúf í Ljósinu en á dimmasta degi mánaðarins gekk vaskur hópur gönguskiðafólks inn í Ljósið. Jólaverslun var sett upp í Ljósinu með ýmsan varning fyrir jólin. Árlegur jólaþeysudagur var haldinn hátíðlegur, þar sem starfsfólk og þjónustuþegar gerðu sér glaðan dag.



STARFSEMISTÖLUR 2021


FJÖLDI
ÞJÓNUSTUÐEGA **1.626**

KOMUR Í
ENDURHÆFINGU **29.006**

NÝJIR
ÞJÓNUSTUÐEGAR **584**

ÚTSKRIFAÐIR
ÞJÓNUSTUÐEGAR **427**


KOMUR Í EFTIR MÁNUÐUM




Þjónustuþegar - Kynjaskipting




Komur í hús - Kynjaskipting




Þróun kynjaskiptingar frá 2018




Komur í hús - Aldursskipting




Komur í hús - Þjónustubættir




Landsbyggðadeild Einstaklingar eftir landshlutum



FJÖLDI EINSTAKLINGA Í ÞJÓNUSTU FRÁ ÁRINU 2010



KOMUR Í ENDURHÆFINGU FRÁ ÁRINU 2010



ÁRSREIKNINGUR

Ljósið.
Ársreikningur
2021

Ljósið.
Langholtsvegi 43
104 Reykjavík
kt. 590406-0740



Ljósið.

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Áritun um fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Ljóssins

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2021 fyrir Ljósið. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.


Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 11. maí 2022

Deloitte ehf.


Jónas Gestur Jónasson
Endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ljósið, fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Styrktarfélagið Ljósið var stofnað í árslok 2005 og hóf starfsemi á árinu 2006. Stofnendur félagsins voru 49 og er skráð stofnfé félagsins 773.714. Tilgangur félagsins samkvæmt skilupulagsskrá er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Um starfsemi á árinu:

Tekjur umfram gjöld á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	1.513.823
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	226.547.545
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	192.665.852
Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	85,0%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	23

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar Ljóssins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Ljóssins staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2022.

Reykjavík
Ólafur Ljósinn 22546-2279
Jóna Lind Ljósinn 190885-2249
Helga Ljósinn 161172-4139
Ólafur Ljósinn 150772-4789

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur		356.996.771	301.073.997
Aðrar tekjur		(240.976)	(394.336)
Vörukaup og aðkeypt þjónusta		(67.812.447)	(40.889.625)
Rekstur fasteigna		401.844	(15.460.450)
Laun og launatengd gjöld	4	(248.146.556)	(189.720.226)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(18.279.348)	(14.326.561)
Annar rekstrarkostnaður		(18.201.666)	(10.640.778)
Afskriftir fastafjármuna	6	(3.225.540)	(3.225.540)
Rekstrarhagnaður		1.492.082	26.416.481
Fjármunatekjur		40.851	97.573
Fjármagnsgjöld		(19.110)	(10.571)
	5	21.741	87.002
Hagnaður ársins		1.513.823	26.503.483

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	114.912.084	118.137.624
		<u>114.912.084</u>	<u>118.137.624</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.979.951	388.852
Aðrar skammtímakröfur		2.094.114	2.986.945
Handbært fé		106.561.396	114.277.268
		<u>111.635.461</u>	<u>117.653.065</u>
Eignir		<u>226.547.545</u>	<u>235.790.689</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Stofnfé		773.714	773.714
Óráðstafað eigið fé		191.892.138	190.378.315
Eigið fé		<u>192.665.852</u>	<u>191.152.029</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		14.299.588	15.391.324
Aðrar skammtímaskuldir		19.582.105	29.247.336
		<u>33.881.693</u>	<u>44.638.660</u>
Skuldir		<u>33.881.693</u>	<u>44.638.660</u>
Eigið fé og skuldir		<u>226.547.545</u>	<u>235.790.689</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.492.082	26.416.481
Afskriftir		3.225.540	3.225.540
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		4.717.622	29.642.021
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(1.698.268)	145.373
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(10.756.967)	13.292.643
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(7.737.613)	43.080.037
Innborgaðir vextir		40.851	97.573
Greiddir vextir		(19.110)	(10.571)
Handbært fé (til), frá rekstri		(7.715.872)	43.167.039
 (Lækkun), hækkun handbærs fjár		(7.715.872)	43.167.039
Handbært fé í upphafi árs		114.277.268	71.110.229
Handbært fé í lok árs		<u>106.561.396</u>	<u>114.277.268</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ljósið er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Styrktarfélagið Ljósið var stofnað í árslok 2005 og hófst starfsemi félagsins á árinu 2006. Stofnendur félagsins voru 49 og er skráð stofnfé kr. 773.714. Tilgangur félagsins samkvæmt skipulagsskrá er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingamiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Ljósið er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Langholtsvegi 43, 104 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun og annar starfsmannakostnaður	248.146.556	189.720.226
Meðalfjöldi stöðugilda	22,88	18,95

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankareikningum	40.851	97.573
	40.851	97.573
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(19.110)	(10.571)
	(19.110)	(10.571)

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	140.952.584	140.952.584
Staða í árslok	140.952.584	140.952.584
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	22.814.960	22.814.960
Afskrift ársins	3.225.540	3.225.540
Staða í árslok	26.040.500	26.040.500
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	118.137.624	118.137.624
Bókfært verð í árslok	114.912.084	114.912.084
Afskriftarhlutföll	3%	
Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	177.460.000	261.300.000

7. Eigið fé

Stofnfé greinist þannig:			Fjárhæð
Stofnfé í árslok			773.714
			773.714
Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	773.714	190.378.315	191.152.029
Tekjur umfram gjöld		1.513.823	1.513.823
Eigið fé 31.12.2021	773.714	191.892.138	192.665.852

Skýringar

8. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Styrkir eru færðir til tekna við greiðslu en tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Styrkir	22.700.972	41.256.039
Sala, fastir samningar	260.100.004	221.527.991
Ýmsar aðrar tekjur	74.195.795	38.289.967
	<u>356.996.771</u>	<u>301.073.997</u>
Aðkeyptar fjáraflanir		
Kostnaður vegna fjáraflana	(240.976)	(394.336)
	<u>(240.976)</u>	<u>(394.336)</u>
Rekstrartekjur alls:	<u>356.755.795</u>	<u>300.679.661</u>
Vörukaup og aðkeypt þjónusta		
Vörukaup innanlands	2.654.536	1.324.373
Matar og kaffikostnaður	5.983.694	4.142.538
Akeypt þjónusta vegna námskeiðahalds	59.033.757	35.422.714
	<u>67.812.447</u>	<u>40.889.625</u>
Rekstur fasteigna		
Aðkeypt þjónusta	409.000	746.600
Flutningskostnaður	5.000	31.000
Húsaleiga	800.000	0
Vátryggingar húsnæðis	450.862	548.992
Viðhald húsnæðis	670.350	393.617
Hiti og rafmagn	1.277.861	1.485.685
Fasteignagjöld	1.927.592	1.886.960
Annar húsnæðiskostnaður	1.690.326	2.373.136
Öryggisgæsla	494.435	784.065
Kostnaður vegna Langholtsvegs 47	2.628.352	33.192.202
Húsnæðisstyrkir	(10.755.622)	(25.981.807)
	<u>(401.844)</u>	<u>15.460.450</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	190.070.445	142.891.031
Endurgreiddur launakostnaður	(1.371.136)	0
Bifreiðastyrkir	3.675.000	3.135.000
Tryggingagjald	13.705.358	10.720.044
Lífeyrissjóður	30.932.700	22.773.620
Aðrir sjóðir	5.548.277	4.154.115
Áunnið orlof, breyting	3.307.866	4.138.790
Námskeið og endurmenntun starfsmanna	263.600	534.488
Annar starfsmannakostnaður	2.014.446	1.373.138
	<u>248.146.556</u>	<u>189.720.226</u>

Sundurliðanir

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	1.590.733	1.587.605
Sími	1.771.479	1.557.360
Burðargjöld	204.101	221.142
Pappír, prentun og ritföng	896.416	643.050
Bókhald og reikningsskil	2.717.379	2.422.588
Önnur aðkeypt þjónusta	3.824.507	1.658.293
Aðgerðir vegna Covid-19	604.116	991.519
Skrifstofutæki og áhöld	6.230.075	5.245.004
Fundir og ráðstefnur	440.542	0
	<u>18.279.348</u>	<u>14.326.561</u>

Annar rekstrarkostnaður

Húsaleiga	200.000	0
Ræsting og hreinlætisvörur	863.597	2.193.964
Aðkeyptur akstur	6.840	52.050
Viðhald áhalda og tækja	211.858	41.506
Auglýsingar	9.127.427	1.448.462
Ferðakostnaður	123.100	0
Kostnaður vegna blaðaútgáfu	3.810.082	5.045.024
Risna og gjafir	1.048.564	386.900
Banka og þjónustugjöld	609.261	164.110
Ýmis kostnaður	2.200.937	1.308.762
	<u>18.201.666</u>	<u>10.640.778</u>

Sundurliðanir

Viðskiptakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptakröfur	2.979.951	388.852
	<u>2.979.951</u>	<u>388.852</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	207.537
Greiðslukort	2.094.114	2.779.408
	<u>2.094.114</u>	<u>2.986.945</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2021	31.12.2020
Bankainnstæður í íslenskum krónum	106.561.396	114.277.268
	<u>106.561.396</u>	<u>114.277.268</u>

Viðskiptaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Innlendar viðskiptaskuldir	14.299.588	15.391.324
	<u>14.299.588</u>	<u>15.391.324</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Fyrirframinnheimtar tekjur	0	13.000.000
Ógreidd laun og launatengd gjöld	19.582.105	16.247.336
	<u>19.582.105</u>	<u>29.247.336</u>